

Breyta verði á þjónustum

Síðast uppfært 27/08/2026 9:22 am BST

Hvernig breyti ég verði á þjónustu?

Fylgdu þessum skrefum til þess að breyta verði á þjónustu:

1. Farðu í **Valmyndina -> Þjónustur**.
2. Smelltu á þjónustuna sem þú vilt breyta verðinu á.
3. Uppfærðu verðið

Verð m. vsk

VSK %

ISK 12,000

24% ▼

+

Bæta við verði

4. **Vistaðu** breytingarnar.

Hvaða áhrif hefur verðbreytingin á bókanir?

Þegar verðinu er breytt í þjónustulistanum þá uppfærist verðið sjálfkrafa á öllum bókunum í kerfinu, þar á meðal bókunum sem voru gerðar áður en verðinu var breytt.

Það eru tvær undantekningar á þessu:

- Bókanir sem hafa verið fyrirframgreiddar halda því verði sem viðskiptavinurinn greiddi.
- Bókanir sem hafa verið gerðar í gegnum markaðstorg Noona fyrir verðbreytinguna munu halda eldra verði **EF** fyrirtækið býður upp á **valkvæmar fyrirframgreiðslur**.



Þegar viðskiptavinur bókar í gegnum markaðstorgið hjá fyrirtæki með valkvæma fyrirframgreiðslu verður til óafgreidd greiðsla sem birtist í Noona-appi viðskiptavinarins. Viðskiptavinurinn getur þá gengið frá greiðslunni hvenær sem er fram að bókuðum tíma.

Til þess að bjóða upp á þennan möguleika er reikningur útbúinn á bakvið tjöldin um leið og bókunin er gerð og verðið á henni læst. Ef þjónustan hækkar í verði eftir að bókunin var gerð heldur bókunin því verðinu sem var í gildi þegar viðskiptavinurinn bókaði, jafnvel þótt greiðslan hafi ekki enn verið framkvæmd.

Ekki hika við að hafa samband í gegnum spjallið ef að einhverjar spurningar vakna [?](#)

